

Tilvísun 2020-726 – 20.6.2
Gunnarsholti 5. október 2022

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
B.t. Haralds Pórs Jónssonar
Árnesi
804 Selfossi

Efni: Nýting kjötmjöls til uppgræðslu á Hafinu

Landgræðslan hefur unnið að uppgræðslu á Hafinu á Gnúpverjafrétti í langan tíma. Fræi hefur verið sáð í verstu svæðin og tilbúnum áburði verið dreift yfir stór svæði. Árið 2018 var kjötmjöli dreift yfir 23 hektara svæði, sjá meðfylgjandi loftmynd, með góðum árangri. Kjötmöl hefur auk þess verið nýtt með góðum árangri á m.a. Vikrum á Skeiða- og Gnúpverjafrétti, Landmannafrétti, Hrunamannafrétti og Hekluskógum. Landgræðslan áformar að dreifa kjötmjöli á um 35 ha svæðið haustið 2022 á Hafinu fyrir fyrsta 1. desember. Í reglugerð um heilbrigðisreglur að því varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis nr. 674/2017, sbr. reglugerð nr. 1165/2021 segir í 6. gr. um notkun á moltu og kjötmjöli á beitolönd eða lönd sem notuð eru til fóðurgerðar:

„Ef nýta á land til beitar eða fóðurframleiðslu má ekki bera á það moltu eða kjötmjöl síðar en 1. desember árið áður og skal landið þá friðað fyrir beit a.m.k. til 1. apríl.“

Með þessu bréfi óskar Landgræðslan eftir leyfi til næstu ára að dreifa kjötmjöli á uppgræðslusvæðið í samræmi við ofangreint eftir að beitartíma líkur og fyrir 1. desember.

Undirritaður er fús til að gefa frekari upplýsingar um málið sé eftir því leitað.

Virðingarfyllt

f.h. Landgræðslunnar



Garðar Þorfinnsson

héraðsfulltrúi